

# STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 2005

---

2. ágúst 2005

1659

Nr. 756

## AUGLÝSING um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur löggreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna vinstri beygju af Hverfisgötu til suðurs Ingólfsstræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Löggreglustjórinn í Reykjavík, 2. ágúst 2005,*

**Ingimundur Einarsson**, varalöggreglustjóri.

3. ágúst 2005

Nr. 757

## AUGLÝSING um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, bensínstöð í Kaplakrika.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. júní 2005 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, bensínstöð í Kaplakrika. Breytingin felst í að inni á opnu svæði til sérstakra nota, merkt Ú1 – íþróttasvæði FH við Kaplakrika, verði staðsett bensínsjálfsafgreiðslustöð með aðkomu frá Flatahrauni. Staðsetning bensínstöðvarinnar er sýnd með hringtákni fyrir verslunar- og þjónustusvæði innan íþróttasvæðisins.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F. h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 3. ágúst 2005,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir**, arkítekt.